

## **Foreldrafélagsfundur og starfsáætlun foreldrafélagsins 2015-2016**

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 27. október klukkan 20:00

Mættir voru: **Katrín Valdís Hjartardóttir, Ingbór Guðjónsson, Hjördís Garðarsdóttir, Ragnar Fjaljar Stefánsson** gjaldkeri og **Ingunn Sveinsdóttir** fulltrúi leikskólans.

Farið var yfir hefðbundin verkefni foreldrafélagsins en þau hafa verið óbreytt að mestu milli ára. Nýjar hugmynd vel þegnar.

### **Gjald í ferða- og skemmtisjóð barna**

Gjaldið yfir skólaárið verður 2.400 krónur eins og í fyrra og innheimtist í einni greiðslu. Á meðan gjöldin duga fyrir verkefnum foreldrafélagsins er ekki ástæða til að hækka þau. Ragnar taldi að um 300.000 væru til inn á reikningi félagsins.

### **Leiksýningar á skólaárinu**

Foreldrafélagið er tilbúið að greiða fyrir eina leiksýningu í desember. Ýmsar auglýsingar frá leikhópum skoðaðar. Ákveðið var að hafa samband við Bernd Ogrodnik sem er með brúðusýninguna Pönnukakan hennar Grýlu og einnig spyrjast fyrir um nýja sýningu hjá honum sem María Erlingsen leikstýrir.

### **Lambaferð**

Foreldrafélagið greiðir móttökugjaldið í lambaferðinni að Bjartheyjarsandi en leikskólinn rútu og annað sem til fellur. Lambaferðin verður farin 17. maí.

### **Útskriftarferð í Skorradal**

Elstu börnin fara í útskriftarferð í Skorradal 12.-13. maí og gista þar eina nótt.

Foreldrafélagið hefur greitt 1000 kr pr. barn í mat í þessari ferð en leikskólinn rútu, gistingu og laun kennara. Foreldrafélagið er einnig til í að greiða upp í kostnað vegna sundnámskeiðs sem elstu börnin fara á í vor ef það kemur sér betur.

### **Útskrift**

Sérstök útskriftarhátíð er fyrir elstu börnin og foreldra þeirra 26. maí. Foreldrafélagið leggur til útskriftartertu en að auki koma foreldrar útskriftarbarna með veitingar.

### **Sumarkaffi 2015**

Ákveðið að halda áfram að hafa Sumarkaffið en Sumardagurinn fyrsti er fimmtudaginn 21. apríl. Þetta er fjáröflun foreldrafélagsins og rennur allur ágóði til barnanna. Allir voru sammála um mikilvægi þess að halda þessu áfram. Foreldrar leggja til veitingar á kaffiborðið og opið er frá klukkan 14 til 16. Nánari skipulag og útfærsla á sumarkaffinu þarf að ræða frekar þegar nær dregur og fá fleiri sjálfbóðaliða úr foreldrahópnum.

### **Grillhátíð**

Árleg grillhátíð foreldrafélagsins verður fyrstu viku í júní en hún er í tengslum við íþróttaviku leikskólans. Foreldrafélagið sér um alla framkvæmd þessarar hátíðar. Fundarmenn sammála um að ekki þurfi að hafa mikið tilstand á þessum degi heldur nægi það börnunum að fá foreldrana í heimsókn og vera með þeim í skólanum þessa stund. Ragnar hefur verið einn í að grilla seinustu ár en mikilvægt að fá einhvern annan með honum til þess að skipta við hann svo hann geti einnig verið með sinni fjölskyldu.

### **Gallar**

## Leikskólinn Garðasel

Katrín Valdís ætlaði að skoða hjá fyrirtæki sem hún þekkir til hvort hægt sé að fá hentugan leikskólafatnað fyrir börn á góðu verði. Annað ekki ákveðið í þessum efnum að svo stöddu.

### Fjármunir

Ýmsar umræður urðu síðan um fjármuni foreldrafélagsins og til hvers ætti að nota þá. Hugmyndir eins og kaup á víðsjá eða gítar ræddar. Leikskólinn er kominn með upplýsingar um ýmsar tegundir stafrænna víðsjáa og reiknar með að kaupa þær sjálfur. Þrír starfsmenn leikskólans spila á gítar og ósk hefur komið frá þeim um kaup á nýjum gítar. Jákvætt tekið í hugmyndina og Ingunn ræðir við þessa starfsmenn um þarfir þeirra og óskir í gítarmálum. Tónastöðin hefur verið Skagamönnum hliðholl og oft boðið upp á afslátt. Ingunn setur sig í samband við foreldrafélagið þegar nánari upplýsingar hafa fengist.

Ef einhverjar aðrar óskir eru frá starfsmönnum um eitthvað sem nýst gæti börnunum þá vilja fulltrúar endilega heyra af því. Annar fundur verður boðaður síðar til að útfæra nánar sumarkaffi og grill hátíð foreldrafélagsins. Einnig verður notast við tölvusamskipti til þess að koma upplýsingum eða hugmyndum á milli stjórnarmanna.

Fundi slitið um klukkan 21:00  
Tekið saman af Ingunni Sveinsdóttur